

ÁRSSKÝRSLA 2013

Starfsmenn SSNV Á ÁRINU 2013



Jón Óskar Pétursson,
framkvæmdastjóri
(í leyfi frá 20. júlí)



Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir
Verkefnisstjóri málefna fatlaðra



Katharina Ruppel,
skrifstofu- og bókhaldsstörf



Laufey Skúladóttir,
atvinnuráðgjafi



Ingibergur Guðmundsson,
menningarfulltrúi/atvinnuráðgjafi



Stefán Haraldsson,
atvinnuráðgjafi



Gudrun Kloes,
atvinnuráðgjafi



Katrín María Andrésdóttir,
verkefnisstjóri atvinnuþróunar
(leysti af sem framkvæmdastj. í leyfi JÓP)



Hildur Póra Magnúsdóttir
atvinnuráðgjafi



Baldur Valgeirsson,
atvinnuráðgjafi

Sími 455 2510
heimasíða: ssnv.is
netfang: ssnv@ssnv.is

Þakkir til þeirra sem lögðu til myndir

Umbrot: NÝPRENT ehf. 2014

EFNISYFIRLIT

5	Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
8	SSNV - Atvinnuþróun
11	Byggðasamlag um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra
25	Menningarráð Norðurlands vestra

ÁRSREIKNINGAR 2013

39	Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
49	SSNV - Atvinnuþróun
59	SSNV - Málefni fatlaðra
71	Vaxtasamningur Norðurlands vestra
79	Menningarráð Norðurlands vestra



Stjórn SSNV. Frá vinstri. Bjarni Jónsson, Póra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir

STJÓRN SSNV

Bjarni Jónsson	Formaður	Sv.fél. Skagafjörður
Póra Sverrisdóttir	Varaformaður	Húnavatnshreppur
Ágúst Þór Bragason	Meðstjórnandi	Blönduósibær
Leó Örn Þorleifsson	Meðstjórnandi	Húnaþing vestra
Hanna Þrúður Þórðardóttir	Meðstjórnandi	Sv.fél. Skagafjörður

VARASTJÓRN

Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður
Péturína Jakobsdóttir	Sv.fél. Skagaströnd
Vignir Sveinsson	Skagabyggð
Elin R. Línal	Húnaþing vestra
Hrefna Gerður Björnsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Starfsemi SSNV á árinu 2013 var fjölbreytt en var nokkuð mörkuð af nýjum stórum verkefnum. Samstarfsverkefni við fleiri landshluta um almenningsamgöngur var fyrirferðarmikið, enda verið að stíga fyrstu skrefin á nýjum vettvangi. Sóknaráætlun landshluta, umsjón og framkvæmd kom sömuleiðis inn í starfið af fullum þunga, en þar var einnig verið að fara nýjar leiðir, bæði í samstarfi innan landshlutans og við ríkisvaldið. Með tilflutningi á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga, var tekist á hendur krefjandi verkefni. NV naut þess strax í upphafi að hafa með samningi við ríkið rekið þessa þjónustu um skeið. Veruleg skerðing á framlögum til þjónustunnar á árinu 2013 á starfssvæði SSNV og samstarfsveitarfélaganna, Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar, kom hinsvegar illa niður á rekstri þjónustunnar og mikil orka fór í að sækja leiðréttingar og bregðast við skerðingunni svo hægt væri að verja þjónustuna. Samþykkt var ársþingi SSNV að hefja undirbúning að stofnun sérstaks byggðasamlags um rekstur á þjónustu við fatlað fólk og hefur nú þetta nýja byggðasamlag, sem hlaut heitið Rætur, tekið við umsjón og rekstri málaflokksins. Mörg viðfangsefni og verkefni SSNV voru með hefðbundnu sniði en þó hefur starfið og umgjörð þess verið að taka örum breytingum.

Samskipti við stjórnvöld og samstarf á milli landshlutasamtaka

Síðustu árin hefur ríkisvaldið í æ ríkara mæli beint samráði og samstarfi um ýmis verkefni að landshlutasamtökum. Bæði á það við um flutning nýrra verkefna til sveitarfélaganna, en ekki síður þegar kemur að því að samræma aðgerðir í byggðamálum og styrkingu innviða innan einstakra landshluta. Landshlutasamtökin hafa að sama skapi aukið samráð og samstarf sín á milli, ekki síst til að geta verið sterkara afl í hagsmunagæslu fyrir sveitafélögin gagnvart ríkisvaldinu. Fulltrúar landshlutasamtaka eiga með sér reglulega samráðsfundi um sameiginleg hagsmunamál og starfa í síauknu mæli saman að ýmsum verkefnum, eins og almenningsamgöngurnar eru gott dæmi um. Þessi þróun hefur átt sér stað einkar hratt, ekki síst vegna áherslu stjórnvalda á að einfalda stjórnsýslu og boðleiðir gagnvart sveitarfélögum, en einnig vegna flutnings ákvörðunarvalds í fleiri málum heim í hérað. Þessi þróun kallar hinsvegar á að sveitarfélögin í hverjum landshluta fyrir sig lagi samstarf sitt að breyttu og auknu hlutverki og finni sem bestar leiðir til að tryggja skilvirkni í starfi sínu en um leið lýðræðislegar leiðir við ákvarðanatöku. Mörg landshlutasamtök eru nú að feta sig áfram á þessu sviði þó leiðirnar séu ólíkar. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra þurfa að sama skapi að fara yfir sitt skiplag og stafsemi í takt við breyttar áherslur og hlutverk.



21 ársþing SSNV Sauðárkróki

21. ársþing SSNV var haldið á Sauðárkróki dagana 17.-19. október 2013. Að þessu sinni var þingið haldið í boði Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Brugðið var á það nýmæli að bæta við einum þingdegi sem helgaður var málefnum fatlaðs fólks. Auk fagfólks af svæðinu fluttu þar erindi og tóku þátt í umræðu sérfræðingar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga Guðni Geir Einarsson og Elín Pálsdóttir ásamt Karli Björnssyni framkvæmdastjóra sambands íslenskra sveitarfélaga. Á þinginu fluttu sérstök ávörp Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Halldór Halldórsson formaður sambandsins. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa fór fram sérstök málstofa helguð málefnum ungs fólks „Ungt fólk – verkefni sveitarfélaga og samstarf“ María Björk Ingvadóttir, félagsráðgjafi flutti erindi um hvað vitum við um unga fólkíð okkar? Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst fjallaði um hækkað menntunarstig í Norðvesturkjördæmi, Þorkell V. Þorsteinsson, aðstoðarskólameistari Fjölbautaskóla Norðurlands vestra ræddi um framhaldsskóla í nútímasamfélagi og erindi Ísaks Óla Traustasonar, formanns nemendafélags Fjölbautaskóla Norðurlands vestra bar heitið Hvar vil ég vera? – Norðurland vestra – búsetukostur til framtíðar. Góðar umræður spunnust um þessi erindi. Á þinginu var að venju mörkuð stefna landshlutasamtakanna á næsta starfsári og samþykktar fjölbreyttar ályktanir er varða brýnustu hagsmunamál landshlutans.

Almenningssamgöngur

Bylting hefur orðið í almenningssamgöngum landleiðina síðustu misserin og er það verkefni eitt það stærsta sem landshlutasamtökin SSNV hafa unnið að. Landshlutasamtökin tóku við þeirri þjónustu af ríkinu með samningi við vegagerðina árið 2011. SSNV hefur átt í samstarfi



við landshlutasamtökin á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eystra um rekstur, skipulag og framkvæmd aksturs, en Strætó bs. hefur veitt samtökunum ráðgjöf og ýmsa aðstoð samkvæmt samningi þar um. Á þeim tíma sem liðinn er hefur verið unnið að því að þróa og bæta þjónustuna og hefur verið almenn ánægja með þessa samgöngubót. Ferðir eru bæði tíðari og ódýrari en áður og miða enn frekar að þörfum íbúa í landshlutanum. Þannig er til að mynda ekið um Þverárfjall og Sauðárkrók sem ekki var áður, og tryggðar góðar tengingar við Hvammstanga og Skagaströnd. Það er hinsvegar þörf á að tengja enn betur saman byggðarlög innan NV til að styrkja svæðið sem eitt atvinnu,- og þjónustusvæði. Skoða þarf leiðir til að tengja betur sveitir og byggðakjarna í sýslunum þremur og eins er aðkallandi að bæta enn frekar almenningsamgöngur um austanverðan Skagafjörð, svo dæmi séu nefnd. Til þess þarf hinsvegar aukið fjármagn, en misbrestur hefur orðið á því að ríkið hafi staðið við þá samninga sem gerðir voru við landshlutasamtökin um verkefnið. Lögð hafa verið viðbótar gjöld á aksturinn af ríkisvaldsins hálfu og ekki enn staðið við að tryggja þau einkaréttarleyfi sem samningunum áttu að fylgja. Þetta hefur þyngt reksturinn á verkefninu og torveldað samtökunum að auka og bæta þjónustuna enn frekar, þrátt fyrir stórauðinn farþegafjölda. Þessar samgöngur eru engu að síður komnar til að vera og hafa einar og sér stuðlað a bættum búsetuskilyrðum á NV.

Sóknaráætlun landshluta

Eitt nýrra stórra verkefna sem landshlutasamtökin halda utanum er sóknaráætlun landshluta. Er unnið að því verkefni samkvæmt samningi landshlutasamtaka við ríkisvaldið og hefur stýrinet stjórnarráðsins umsjón með því af ríkisins hálfu. Auk þessa hefur Jöfnunarsjóður komið á mótis við kostnað landshlutasamtakanna vegna umsjónar með verkefninu. Strax var ákveðið að öll verkefni sem samþykkt væri að ráðast í miðuðu



með einum eða öðrum hætti að því að fjölga tækifærum ungs fólks til starfa og búsetu á Norðurlandi vestra. Þeim fjármunum sem fengust til verkefnisins var ráðstafað til fjölbreyttra verkefna sem öll höfðu þetta meginsteft að leiðarljósi. Flest verkefni sem unnið var að miðuðu að því að kynna og markaðssetja landshlutann og einstök svæði sem ákjósanlegan kost til atvinnuuppbyggingar og búsetu, auk þess að draga fram sérstöðu og styrkja ímynd landshlutans. Fjármunir sem fengust í gegnum sóknaráætlun áttu stóran þátt í að koma á stað dreifnámi á NV, sem nú er rekið með góðum árangri með miðstöðvum á Hvammstanga og Blönduósi. Einnig hefur tekist gott samstarf við strandamenn um rekstur dreifnáms á Hólmavík sem naut stuðnings úr sóknaráætlun Vestfjarða. Eitt stórra verkefna sóknaráætlunar sem unnið var að á Norðurlandi vestra var samstarf FNV við fyrirtæki og rannsóknarstofnanir í landshlutanum á sviði matvælaíðnaðar, líftækni og fleiri sviðum. Segja má að framkvæmd verkefna sóknaráætlunar í landshlutanum hafi gengið vel og skilað umtalsverðum árangri. Nú er unnið að útfærslu nýrra samninga um sóknaráætlun þar sem fleiri samningar og áætlanir verða samþættar, svo sem menningarsamningar og vaxtarsamningar. Enn ríkir hinsvegar miðkil óvissa um fjármögnun nýrra samninga um sóknaráætlun.

SSNV atvinnuþróun

Landshlutasamtökin reka fjölbreytt atvinnuþróunarstarf sem miðar að því að þjónusta einstaklinga og fyrirtæki á NV við að þróa viðskiptahugmyndir, stofnun fyrirtækja, rekstrarráðgjöf og markaðssetningu. SSNV er þátttakandi í mörgum samstarfsverkefnum bæði innlendum og alþjóðlegum og heldur utan um verkefni eins og vaxtarsamning NV. Einnig er unnið að margvíslegri gagnaöflun, greiningum og skýrsluvinnu fyrir



aðildarsveitarfélögin og samtökin. Árlega er til að mynda gerð samantekt á fjölda opinberra starfa eftir greinum og svæðum innan landshlutans. SSNV hefur tekið þátt í undirbúningi og framkvæmd atvinnulífsýningar í Skagafirði sem haldin er annað hvert ár og árlega standa samtökin fyrir degi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra. Á degi atvinnulífsins eru kynnt og verðlaunuð fyrirtæki sem hafa þótt skara fram úr hvað varðar frumkvæði og nýsköpun í atvinnulífi, auk þess sem flutt eru fræðandi erindi á sviði nýsköpunar, atvinnu,- og byggðaþróunar. SSNV hefur m.a tekið þátt í starfi Markaðsskrifstofu Norðurlands og á árinu 2013 var hafinn undrbúningur að því að ráðast í stórt átaksverkefni í ferðaþjónustu í landshlutanum í samvinnu við ferðamálasamtökin í sýslunum þremur.

Lokaorð

Landshlutasamtökin hafa það að hlutverki að vinna að hagsmunamálum aðildarsveitarfélaganna og tala máli þeirra gagnvart stjórnvöldum, auk þess að stuðla að atvinnuþróun. Samstaða á svæðinu um ýmis grundvallarmál er varða búsetuskilyrði í landshlutanum, svo sem opinbera þjónustu, samgöngur, stoðumhverfi og stjórnsýslu, skiptir sköpum fyrir árangur og sókn fyrir landshlutann. Gott dæmi um hverju samstaða getur skilað er að NV er skilgreint sem sérstakt sýslumanns og lögreglumdæmi, en til stóð að þeirri stjórnsýslu yrði stýrt úr öðrum landshlutum. Sífelld þarf að minna á gagnvart stjórnvöldum að Norðurland vestra er sérstakur og afmarkaður landshluti sem ber að



taka tillit til í byggðapróun og samskiptum og skipulagi stjórnsýslu af hálfu ríkisins. Hér þurfa öll ráðuneyti að ganga í takt þegar Norðurland vestra er annars vegar. Til þess að ná árangri fyrir landshlutann þurfa samt sveitafélögin fyrst og síðast að rækta samstarfið og samstöðuna til þess að styrkja manlíf og búsetu á Norðurlandi vestra.

*F.h stjórnar SSNV
Bjarni Jónsson*

Byggðasamlag um málefni fatlaðra - Norðurlandi vestra

Ágæti lesandi,

Hér gefur á að líta ársskýrslu byggðasamlags um málefni fatlaðra, fyrir árið 2013. Skýrslan gefur yfirlit yfir skipulag og starfsemi á þjónustusvæðinu. Helstu verkefnum og tölulegum upplýsingum innan hvers málsviðs eru gerð skil og er það von mín að skýrslan gefi glögga sýn á fjölbreytt verkefni málaflokksins.

Það er kúnst að lifa í núinu, læra af reynslu liðins tíma og missa ekki sjónar á tækifærunum sem í framtíðinni búa. Þá kúnst þarf einnig að stunda í rekstri stofnana. Sífellt, alla daga, þarf að sinna svo vel sem kostur er margþættri starfsemi byggðasamlagsins út frá stöðu mála hverju sinni, en jafnframt verður framtíðarsýn og leið að markmiðum að vera skýr.

Það reyndi verulega á að vera í núinu á árinu, starfsemin var með nokkuð hefðbundnum hætti en markaðist þó af því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kynnti ekki úthlutun almennra framlaga fyrir árið 2013 fyrr en í maí sama ár. Árið var því stjórn og sveitarfélögum fjárhagslega og faglega erfitt.

Kynnt framlög voru 465.9 m.kr. sem var 34.9 m.kr. lækkun frá árinu 2012. Við skoðun á samanburði framlaga til þjónustusvæða árin 2012 og 2013 skar byggðasamlagið sig verulega úr á landsvísu með mikla tekjulækkun. Stjórn og Þjónustuhópur fóru fram á skýringar og endurmat á útreikningi framlaga ásamt því að átalinn var seinagangur við úthlutun framlaga og framlagningu reglugerðar um framlög Jöfnunarsjóðs. Leiðrétting framlaga um 45 m.kr. kom síðan fram í lok árs. Mikilvægt er að áætluð fjárframlög séu kynnt fyrir áramót svo raunhæft sé að ákvarða útgjaldaramma næsta ár og samþykkja fjárhagsáætlun í tíma. Verklag eða „leikreglur“ verða að vera skýrar svo hægt sé að leggja fram raunhæfar áætlanir í þjónustu við fatlað fólk á starfssvæðinu, óásættanlegt er að tilkynna rekstrarfé til málaflokksins á miðju rekstrarári. Síðla árs hófs undirbúningur að stofnun nýs byggðasamlags, skipaður var undirbúningsstjórn á ársþingi SSVN sem hafði það hlutverk að koma á stofnfundi árið 2014. Er þetta einn liður í því að vinna að endurmati á skipulagi út frá nýjum sveitarstjórnarlögum og tilfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlað var samið um að þau sveitarfélög sem ekki uppfylla 8.000 íbúa lágmark skyldu mynda þjónustusvæði um rekstur þjónustu við fatlað fólk sem að lágmarki telja 8.000 íbúa. Þann 1. desember 2013 var íbúafjöldi þjónustusvæðisins samkvæmt Hagstofu Íslands 11.147.

Á starfssvæði byggðasamlagsins eru fjögur þjónustusvæði:

- a. Húnaþing vestra
- b. Blönduósbær, Húnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd
- c. Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður
- d. Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð

Það eru um 70 – 80 starfsmenn sem koma að þjónustunni með einum eða öðrum hætti, reksturinn ásamt uppgjöri vegna ársins 2012 losaði um 548 m.kr. á árinu, þ.a. voru fjárfestingarframlög og styrkir um 1.5 m.kr. Þjónustuúrræði vegna búsetu, hæfingar og atvinnumála héldust nánast óbreytt milli ára, en aukið var við stoðþjónustu við börn og ungmenni.

Ég vil að lokum þakka samstarfsaðilum, sveitarfélögum og starfsmönnum þeirra fyrir árangursríkt og farsælt samstarf og þeirra þátt í uppbyggingu og þróun þjónustunnar og stjórn og framkvæmdastjóra fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Með kveðju,
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri

Hlutverk og markmið

Meginmarkmið samstarfsins er að samþætta þjónustu við fatlað fólk í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila; færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Þetta er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og auknum þjónustugæðum að leiðarljósi.

Starfssvæði

Í byggðasamlaginu eru eftirtalin sveitarfélög: Akrahreppur, Blönduósþétt, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd. Um starfsemi byggðasamlagsins gilda ákvæði 1-85.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Starfsmenn

Hjá byggðasamlaginu starfar einn starfsmaður, verkefnisstjóri og vinnur hann eftir erindisbréfi frá stjórn. Starf verkefnisstjóra er fjölþætt en skipta má því í þrjá megin þætti: umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings, leiðbeiningar um framkvæmd þjónustunnar og skýrslugerð vegna starfseminnar. Aðsetur verkefnisstjóra er á Faxatorgi 1, Sauðárkróki. Aðrir starfsmenn eru ráðnir af sveitarfélaginu og fara þau með allar stjórnunarheimildir gagnvart þeim.

Þjónustuhópur

Þjónustuhópur er faglegur ráðgjafarhópur um málefni fatlaðs fólks og starfar eftir erindisbréfi frá stjórn byggðasamlagsins. Í þjónustuhópnum eiga sæti félagsmálastjórar á starfssvæðinu, framkvæmdastjóri SSNV og verkefnisstjóri. Hlutverk þjónustuhóps er að vera stjórn til ráðgjafar og upplýsinga hvað varðar málefni fatlaðra ásamt því að gera tillögur um uppbyggingu og þróun þjónustunnar á starfssvæði byggðasamlagsins.

Þjónustuhópur fundaði 12 sinnum á árinu. Þar af var einn fundur með fulltrúum velferðarráðuneytisins, Jöfnunarsjóðs og Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna gagnaöflunar til endurmats á faglegum og fjárhagslegum forsendum yfirfærslunnar og einn stöðufundur með stjórn, sveitarstjórnarfulltrúum, framkvæmdastjórum og sviðstjórum sveitarfélaga. Í tengslum við fundina er farið í vettvangsferðir á þjónustusvæðunum. Allar fundargerðir þjónustuhóps eru birtar á vef SSNV. www.ssnv.is.

Stjórn byggðasamlagsins

Verkefnisstjóri fundar með stjórn. Þar eru fundargerðir þjónustuhóps lagðar fram, kynntar og samþykktar. Ákvarðanir teknar um stefnur og markmið í þjónustu ásamt umræðu og ákvörðun um fjármál og rekstur. Stjórn fundaði 4 sinnum með verkefnisstjóra á árinu.



Félagsmálastjórar

Framkvæmd þjónustunnar er í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Austur Húnavatnssýsla

Auður Herdís Sigurðardóttir

Húnaþing vestra

Eydís Aðalbjörnsdóttir til 31. október,
Esther Aðalbjörnsdóttir frá 1. nóvember

Dalvíkurbyggð

Eyrún Rafnsdóttir

Skagafjörður

Gunnar M. Sandholt

Fjallabyggð

Hjörtur Hjartarson

Starfsemin - Fjöldi þjónustuþega

Þeir sem sækja þjónustu til félagsþjónustu þjónustusvæða Byggðasamlagsins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þurfa að vera metnir til örorku til lengri eða skemmri tíma.

Á skrá hjá þjónustusvæðunum eru um 150 einstaklingar með fötlun sem notið hafa og njóta þjónustu af einu eða öðru tagi eða 1.3% af íbúafjölda en þar búa 3.4% landsmanna.

Verulegur hluti þessa hóps eða um 120 - 130 manns fær reglulega þjónustu.

Meginþungi í starfseminni, bæði hvað varðar fjármagn og fjölda starfsmanna, felst í starfrækslu heimila þar sem fatlað fólk býr og nýtur daglegar þjónustu, sem og starfsþjálfunar- og hæfingarstöðva og skammtímavistunar.

Fjármál

Sameiginleg fjárhagsáætlun allra þjónustuvæða er unnin af þjónustuhópi og samþykkt af stjórn. Áætlun ársins var unnin undir nokkurri óvissu þar sem fjárframlög voru ekki kynnt fyrir en í maí 2013.


Tekjur byggðasamlagsins til þjónustunnar voru áætlaðar 465.9 m.kr. þ.a voru framlög Jöfnunarsjóðs 382.4 m.kr. og framlög sveitarfélaga 83.5 m.kr. Fáhagsáætlun gerði ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 538.7 m.kr., niðurstaða reksturs var 537 m.kr. Rekstaráætlun sveitarfélaga/ þjónustuvæða var 512.7 m.kr., niðurstaða rekstrar var 517.9 m.kr. eða 1% umfram áætlun. Endurskoðuð tillagaga Jöfnunarsjóðs í október, um áætlaða úthlutun almennra framlaga til byggðasamlagsins var 45.m.kr.

Ársreikningur

Eins og fram kemur í ársreikningi var niðurstaða ársins neikvæð um samtals 13.5 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok 65.2m.kr. Við gerð ársreikninga sveitarfélaga er rekstrarniðurstaða þjónustuvæða liðins árs metin og uppgjör gert samkvæmt samþykkt stjórnar.

Kostnaðarskipting meðginþátta starfseminnar

Eftirtaldir þættir valda meginhluta útgjalda í % talið.



Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliðurinn. Að meðaltali eru laun 87% af heildarrekstarkostnaði og er það þremur prósentustigum lægra hlutfall en fyrra ár og munar þar um NPA samninga.

Þjónustusvæði – verkefni

Dalvíkurbyggð

Ráðgjöf - félagsþjónustan, Ráðhúsið, Dalvík.

Stöðugildi 1, þjónusta við fullorðna, börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Skammtímavistun, Skógarhólum 23a, Dalvík.

Þjónar öllu starfsvæði byggðasamlagsins með áherslu á Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð. Stöðugildi eru 5,4. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins. Fjöldi einstaklinga í dvöl á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólahringa á árinu voru samtals 495 og fjöldi þjónustudaga 250. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu voru 15, þ.a. var einn fullorðinn.

Fjallabyggð

Ráðgjöf - félagsþjónustan, Ráðhúsið, Siglufirði.

Stöðugildi 1, þjónusta við fullorðna, börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Sólahrings búsetuþjónusta, Lindagötu 2, Siglufirði

Sambýli, leigjendur eru 6 stöðugildi eru 8. Húseignin er í eigu Fasteignarsjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Iðja, Aðalgötu 7b, Siglufirði

Notendur eru 18, stöðugildi starfsmanna eru 3.7. Húseignin er í leiguhúsnæði.

Þjónustuíbúð, Lindargötu 2. Siglufirði.

Stúdíóíbúð, einn leigjandi. Þjónusta veitt frá sambýli. Húseignin er í eigu Fasteignarsjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þjónustuíbúð, Hvanneyrarbraut 42. Siglufirði.

Húseignin er í eigu Sveitarfélagsins.

Skagafjörður

Ráðgjöf - fjölskylduþjónustan, Ráðhúsinu Sauðárkróki.

Stöðugildi 0,5 þjónusta við börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Stöðugildi 0,5 þjónusta við fullorðna og aðstandendur.

Stöðugildi 0,75, atvinna með stuðningi.

Sólahrings búsetuþjónusta, Fellstúni 19, Sauðárkróki.

Sambýli, leigjendur eru 5 stöðugildi eru 8,5. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Íbúðakjarni / þjónustuíbúðir, Kleifatún 17 – 25, Sauðárkróki.

Fimm íbúðir í tveim húsum með starfsmannaaðstöðu. Sólahringsþjónusta, leigjendur eru 5.

Stöðugildi eru 6.10. Húsnæðið er leiguhúsnæði í eigu Húsbyggingasjóðs Proskahjálpar.

Þjónustuíbúðir, Freyjugötu 18, Sauðárkróki.

Fjórar einstaklingsleiguíbúðir, kvöld og helgarþjónusta.

Húsnæðið er í eigu sveitarfélagsins.

Iðja, Aðalgötu 21, Sauðárkróki.

Notendur eru 14, stöðugildi starfsmanna eru 4.5. Húseignin er í leiguhúsnæði.

Skammtímvistun, Grundarstíg 22, Sauðárkróki.

Þjónar öllu starfsvæði byggðasamlagsins, með áherslu á Húnavatnssýslur og Skagafjörð.

Stöðugildi eru 5,4. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Fjöldi einstaklinga í dvöl á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólahringa á árinu voru samtals 1005 og fjöldi þjónustudaga 347.

Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu voru 13 , þar af voru 3 fullorðnir.

Félags- og skólaþjónusta Austur Húnavatnssýslu

Ráðgjöf – félags- og skólaþjónustan, Flúðabakka 2 Blönduósi.

Stöðugildi 0,5, þjónusta við fullorðna, börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Sólahrings búsetuþjónusta, Skúlabraut 22, Blönduósi.

Sambýli,leigjendur eru 4, stöðugildi eru 7. Húseignin er í eigu byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Austur Húnavatnssýslu.

Iðja, Sunnubraut 4, Blönduósi.

Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna eru 1. Húseignin er í leiguhúsnæði.

Húnaþing vestra

Ráðgjöf - félagsþjónustan, Ráðhúsinu Hvammstanga.

Stöðugildi 0.5 þjónusta við börn og fullorðna, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Íbúðakjarni / þjónustuíbúðir, sólahrings búsetuþjónusta,**Grundartúni 10 – 12, Hvammstanga.**

Fjórar einstaklingsíbúðir og ein stúdío íbúð með sólahringsþjónustu, leigjendur eru 5 stöðugildi eru 6. Húseignin er í eigu sveitarfélagsins.

Iðja, Brekkugötu 14, Hvammstanga.

Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna er 1. Húseignin er í leiguhúsnæði.

Samstarfsaðilar

Mikilvægir samstarfsaðilar í heimabyggð utan starfsstöðva sveitarfélaga eru Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra, Menntaskólinn við Tröllaskaga, Farskólinn, miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Heilbrigðisstofnanir. Þétt samvinna er við Fjölbrautaskóla NL.vestra. varðandi þá nemendur sem hafa metna þörf fyrir þjónustu á heimavist skólans. Framhaldsskólarnir bjóða m.a. upp á nám á starfsbraut sem er ein forsenda þess að tryggja aðgengi allra að námi eftir grunnskóla og styrkir möguleika til atvinnuþátttöku að námi loknu. Samstarf við Farskólann byggir á námskeiðum í tengslum við Fullorðinsfræðslu fatlaðra.

Samstarf við Heilbrigðisstofnanir byggist fyrst og fremst á teymisvinnu varðandi einstaklingsbundna þjónustu en er vissulega vettvangur til að tryggja yfirsýn yfir þjónustuúrræði, gæta samræmingar og markvissra vinnubragða.

Fyrirtæki og stofnanir á svæðinu eru einnig mikilvægir samstarfsaðilar þegar kemur að atvinnumálum fatlaðra. Á svæðinu eru ekki verndaðir vinnustaðir, markmið okkar í atvinnumálum felst í því að styrkja fatlaða til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

Tilraunaverkefni

Tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) sem er nýtt verkefni á landsvísu, hélt áfram á árinu, um er að ræða tveggja ára verkefni 2012 og 2013, sem hófst 1.júní 2012 Ráðgert er að NPA verði til framtíðar eitt meginform þjónustu við fatlað fólk. Gerðir voru átta samningar þ.a. tveir vegna þjónustu við börn. Heildarkostnaður á ársgrunni var 21.7 m.kr. Sótt var um styrk til Jöfnunarsjóðs vegna þessa verkefnis og fékkst úthlutað 4.2 m.kr. Raunkostnaður byggðasamlagsins var 10.8 m.kr. og sveitarfélaga 6.5 m.kr.

Samvinnuverkefni

Lengd viðvera fatlaðra grunn- framhaldsskólanema er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga. Byggðasamlagið fékk 6.5 m.kr. til úthlutunar sem er greiðsluþátttaka ríkisins. Sveitarfélög sem buðu upp á lengda viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. – 10. bekk og framhaldsskóla gátu óskað eftir greiðsluþátttöku ríkisins til byggðasamlagsins. Umsóknir bárust frá öllum aðildarsveitarfélögum byggðasamlagsins, alls vegna 20 nemenda á vorönn og 21 nemenda á haustönn. Allar umsóknir voru samþykktar og var greiðsluþátttaka ríkisins 6.1 m.kr. sem er 50% af heildarkostnaði sveitarfélaga við að veita þjónustuna.

Helstu verkefni

Ráðgjöf

Félagsþjónusta sveitarfélaga hlutast til um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðum og aðstandendum þeirra, stuðlar að því að veitt sé félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðum þjónustu.

Leiðarljós við uppbyggingu þjónustu við börn og fullorðna innan sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að koma á sveigjanlegu og skilvirku skipulagi og persónulegri þjónustu innan félags- skóla- og frístundaþjónustu. Þjónustan sé veitt innan heimils, í skóla, vinnu eða frístundum. Ráðgjöfin sé skilvirk og á ábyrgð fárra aðila, sérfræðipækning fjölþætt og áhersla lögð á þverfagleg vinnubrögð.

Veitt er ráðgjöf eftir þörfum til stofnana sem veita fötluðum þjónustu og skipulögð er þátttaka í ráðgjafateymum.

Þjónusta þessi er skipulögð á hverju þjónustusvæði fyrir sig miðað við aðstæður.

Þjónusta við börn 0 – 17 ára og fjölskyldur þeirra

Lög um málefni fatlaðs fólks kveða á um ýmis konar sértæka þjónustu til handa fötluðum börnum og foreldrum þeirra til viðbótar almennri félags- fræðslu- og heilbrigðisþjónustu.

Meginþættir þjónustunnar eru skammtímavistun og þjónusta stuðningsfjölskyldna en auk þess er í boði ráðgjöf og leiðbeiningar, meðal annars varðandi félagsleg réttindamál.

Foreldrar barna sem búa við frávík í þroska eða fötlun eiga rétt á greiðslum frá

Tryggingarstofnun ríkisins (TR) vegna umönnunar barna sinna. Svonefndar umönnunargreiðslur eru fjárhagsleg aðstoð, beinar skattfrjálssar greiðslur, til foreldra barna sem glíma við fötlun, alvarlega þroska- eða hegðunarröskun eða langvinn veikindi og kostnaður vegna þess er umtalsverður. Félagsþjónustur taka þátt í að meta aðstæður og gera tillögur til TR í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi. Greiningarstöð ríkisins hefur breytt verklagi sínu þannig að starfsmenn hennar afgreiða nú margar tilvísanir er varða fötluð börn á þann hátt að þeir staðfesta þá frumgreiningu sem liggur fyrir. Við þessa staðfestingu öðlast foreldrar strax rétt á umönnunarmati út frá fötlun og þurfa ekki að bíða eftir frekari mati frá Greiningarstöðinni.

Börn með umönnunarbætur í 1. 2. og 3. flokki samkvæmt mati Tryggingarstofnunar ríkisins eru 57.

Fjöldi fatlaðra barna með umönnunarbætur skv. mati TR

Umönnunarflokkar	1	2	3	Alls
Húnaþing vestra		5	4	9
Austur Húnavatnssýsla		5	5	10
Svf. Skagafjörður	2	8	2	12
Fjallabyggð		3	9	12
Dalvíkurbyggð		8	6	14
SAMTALS	2	29	26	57



Stuðningsfjölskyldur

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar. Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjá sólahringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánu samstarfi við foreldra. Á árinu voru 15 fjölskyldur með stuðningsfjölskyldu, samtals 460 sólahringa á ári.

Skammtíamavistun Grundarstíg 22, Sauðárkróki og Skógarstíg 23a Dalvík

Skammtíamavistun fatlaðs fólks er stoðþjónusta og þjónar öllu starfsvæði byggðasamlagsins, en reksturinn er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Dalvíkurbyggðar. Þjónusta skammtíamavistunar er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Sama gildir um ungmenni og fatlað fólk sem býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja lengur. Sækja þarf um þjónustuna og fá gestir úthlutað ákveðnum dögum. Einnig er boðið upp á neyðarvistun en um þá þjónustu er hægt að sækja ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldum. Meðan á dvöl stendur sinna gestir vinnu, skóla eða hæfingu eftir því sem við á. Starfsmenn félagsþjónustu, annast umsóknir um skammtíamavistun og veita foreldrum og aðstandendum barna / fullorðinna í skammtíamavistun ráðgjöf og stuðning ef með þarf. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4.

Skammtíamavistanir veittu alls 28 einstaklingum þjónustu á árinu: 24 voru yngri en 18 ára en fjórir fullorðnir. Fjöldi dvalarsólahringa á árinu voru samtals 1.500 og fjöldi þjónustudaga 597.



Fullorðnir og fjölskyldur þeirra

Þjónusta vegna hæfingar, starfsþjálfunar og atvinnu

Þjónusta vegna atvinnu og hæfingar snýr annars vegar að fólki sem hefur verulega skerta starfshæfni og er í hæfingu eða dagvist og hins vegar að fólki sem er betur í stakk búið til þess að starfa á almennum vinnumarkaði, ef til vill í framhaldi af starfsþjálfun.

Iðja

Á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði eru starfræktar hæfingarstöðvar og dagvistarúrræði. Markmiðið er að veita þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/ eða starfsþjálfun.

Áhersla er lögð á félagslega hæfingu og endurhæfingu í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar, auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi ásamt því að gefa þjónustuþegum kost á að sækja dagþjónustu við hæfi utan heimilis. Um er að ræða margþætta þjálfun/örvun, félagslega, andlega og líkamlega.

Þau verkefni sem skila tekjum, sem eru nokkur hafa skilað sér til þeirra sem starfa í iðjunum. Verkefni eru m.a. þökkun á skráfum og smáhlutum, póstdreifing, sala á happdrættis almanaki, álíming á spjöld, hnýttir krókar, götun á pappa fyrir prentsmiðju, innþökkun á plastpokum, pappírstæting og trévinna. Verkefnin eru nánast að öllu leyti unnin fyrir fyrirtæki á þjónustusvæðunum.

Sem dæmi um félags- hreyfi- og líkamspjálfun má nefna sjúkraþjálfun, sund, reiðþjálfun, dagsferðir, skipulagðar gönguferðir, líkamstjáning og söng. Samvinna er við sjúkraþjálfara á svæðunum. Alls er það 41 sem nýtir sér þjónustu Iðja.

Fjöldi fatlaðra sem nýta sér Iðju

Húnaþing vestra	Fjöldi í iðju	4
Austur Húnavatnssýsla	Fjöldi í iðju	4
Svf. Skagafjörður	Fjöldi í iðju	14
Fjallabyggð	Fjöldi í iðju	18
Dalvíkurbyggð	Fjöldi í iðju	1
SAMTALS	Fjöldi í iðju	41



Atvinna með stuðningi

Atvinna með stuðningi (AMS) felur í sér viðtækan stuðning við þá sem hafa skerta vinnugetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Stuðningur felst í aðstoð við að finna starf við hæfi almennum vinnumarkaði og þjálfun á vinnustað ásamt eftirfylgd.

Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði. Í Skagafirði og í Fjallabyggð eru sérstakir starfsmenn sem sinna því starfi. Með verkstjórn, starfsþjálfun og sérstakri liðveislu er fólk með fötlun veittur nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast í starfi og ná góðum tókum á vinnuverkefnum.

Möguleiki er á gerð vinnusamninga milli Tryggingarstofnunar ríkisins og atvinnurekanda um ráðningu til starfs einstaklinga sem njóta örorkubóta og eru nokkrir slíkir samningar í gangi. Einnig er möguleiki á starfsþjálfun – reynsluráðningu á vegum Vinnumálastofnunar þar sem hugsanlegt er að byrja með starfskynningu í 2 vikur.

Á árinu voru 32 einstaklingar á vinnumarkaði með stuðningi.

Búsetuþjónusta

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kosta á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetuþjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar. Fram kemur í verkefnum þjónustuvæða að rekin eru þrjú sambýli (sóláhringsþjónusta) og fimmtán búa í s.k. þjónustukjörnum á þjónustusvæðunum ásamt því að veitt er samþætt þjónusta þ.e. liðveisla, frekari liðveisla og heimaþjónusta til einstaklinga í þjónustuíbúðum. Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Íbúum skal veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni og eiga rétt á stuðningi og leiðsögn í öllu sem varðar persónulega hagi og heimilisrekstur. Þar er veitt sérhæfð þjónusta, þjálfun og umönnun.

Fjöldi í sóláhringsþjónustu í búsetu

Húnaþing vestra	Sambýli 0	Íbúðakjarnar 5
Austur Húnavatnssýsla	Sambýli 4	Íbúðakjarnar 0
Svf. Skagafjörður	Sambýli 5	Íbúðakjarnar 7
Fjallabyggð	Sambýli 6	Íbúðakjarnar 2
Dalvíkurbyggð	Sambýli 0	Íbúðakjarnar 1
SAMTALS	15	15

Frekari liðveisla

Í lögum um málefni fatlaðs fólks er greint á milli hugtakanna liðveislu og frekari liðveislu. Hið fyrra lýtur að því að sveitarfélög skuli „eftir föngum gefa fötluð fólki kost á liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs.“ Hið síðara er skilgreint þannig :

Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Frekari liðveisla er einstaklingsbundin og er veitt fullorðnum einstaklingum til aðstoðar við ýmsar athafnir daglegs lífs s.s. búsetu.

Að hálfu byggðasamlagsins er reiknað með að þáttur sveitarfélags í stuðningi við búsetu (liðveisla og heimaþjónusta) sé um 40 % af kostnaði á móti 60% kostnaði frekari liðveislu og tekur þjónustan og fjárhagsáætlun byggðasamlagsins mið af því.

Sú þróun hefur verið síðustu ár að aukin áhersla hefur verið lögð á að fatlaðir eigi rétt á eigin heimili í samræmi við óskir sínar og þarfir og hefur þjónusta við sjálfstæða búsetu aukist samhliða því. Í töflunni hér á eftir eru þjónustupættir í stuðningi við búsetu tilgreindir, frekari liðveisla fellur undir þjónustupætti byggðasamlagsins, aðrir þættir eru veittir á forsendum sveitarfélaga. Þetta er samþætt þjónusta sem veitt er samkvæmt mati á þörf fyrir þjónustu.

Alls voru 53 einstaklingar með þjónustu í sjálfstæðri búsetu.

Stuðningur við sjálfstæða búsetu

Þjónustupættir og fjöldin innan hvers þjónustu

	Frekari liðveisla	Félagsleg heimaþjónusta	Félagsleg liðveisla	Matarsendingar	Ferðaþjónusta
Húnaþing vestra	5	1	5	0	5
Austur Húnavatnssýsla	3	4	3	2	0
Svf. Skagafjörður	3	11	10	2	12
Fjallabyggð	7	22	19	3	6
Dalvíkurbyggð	6	3	4	2	1
SAMTALS	24	41	41	9	24

¹ Lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, 24.gr.

² Lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, 25.gr.

Styrkir og fjárfestingaframlög

Styrkirnir til náms og verkfæra- og tækjakaupa eru veittir skv. 27.gr. laga um málefni fatlaðs fólks. Fjárfestingaframlög eru til stofnkostnaðar og endurnýjunar húsbúnaðar og sértæks búnaðar í sameiginlegu rými og starfsmannaaðstöðu í búsetu, vegna iðja, skammtímavistana og vegna þjálfunargagna ráðgjafa. Umsóknir um styrki og nýtingu fastra framlaga til búnaðarkaupa fara fram í Þjónustuhópnum. Áætluð framlög í búnaðarkaup voru 4 m.kr. og til styrkja 0.5 m.kr.

Fjárfestingaframlög	Húna- þing	Austur Hún.	Skaga- fjörður	Fjalla- byggð	Dalvíkur- byggð	Samtals 2013	Samtals 2012
Iðja	173.475					173.475	613.427
Ráðgjöf							550.000
Sambýli /skammtímavistun			161.053			161.053	2.268.460
Verkfæra-, tækja og námskostn.	335.393	177.484		554.818	103.500	1.171.195	206.156
SAMTALS	508.868	177.484	161.053	554.818	103.500	1.505.723	3.638.043

Lokaorð

Árið 2013 var annasamt m.a. út af óvissu um fjárframlög og endanlega útkomu með fjárhagsáætlun, en starfsemin gekk vel með samstilltu starfsfólki. Ákveðin óvissa er um hver fjárframlög verða næstu árin og hvaða niðurstöður SIS þjónustumats hafa fyrir svæðið.

Í árslok var enn óljóst hver skipan yrði á atvinnumálum fatlaðs fólks. Nefnd var starfandi sem átti að koma með tillögur um hvernig þeim yrði háttað, þ.e. hvort atvinnumál fatlaðs fólks yrðu áfram hjá sveitarfélögunum eða færðust til Vinnumálastofnunar ríkisins.

Fatlað fólk og fjölskyldur þeirra skulu eiga aðgang að leiguhúsnæði á almennum markaði eða félagslegu leiguhúsnæði hjá sveitarfélögum til jafns við aðra. Sé þörf fyrir sérstakt húsnæði vegna sérstakra eða mikilla þjónustuparfa skal sveitarfélag/þjónustusvæði sem ber ábyrgð á þjónustunni tryggja að slíkt húsnæði sé til staðar. Samþykktar voru reglur byggðasamlagsins um aðkomu að húsnæðiskostnaði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og munu þær skýra og jafna þátttöku byggðasamlagsins í uppbyggingu húsnæðis í búsetu, skammtímavistun og dagþjónustu.

Þörf er á að útfærðar verði tillögur á landsvísi um jöfnunarpátt húsnæðismála í framhaldi af því að Framkvæmdasjóður fatlaðra var lagður niður. Einnig er mikilvægt að komið verði á einu samræmdu fyrirkomulagi um fjárveitingar opinbers húsnæðisstuðnings. Mikilvægar forsendur fyrir opinberum húsnæðisstuðningi er að miðað sé við jafnræði og aðstæður. Hlutverk Íbúðalánasjóðs varðandi fjármögnun, framkvæmdir og þróun á sértæku félagslegu húsnæði þarf að vera betur skýrt og eft.

Starfsemi um málefni fatlaðs fólks er að öllu jöfnu ekki fyrirferðamikil í daglegu lífi þorra almennings, enda í eðli sínu hljóðlát og að jafnaði stendur ekki um hana neinn styr. Framtíðarsýnin er að veita heildstæða og samþætta þjónustu í heimabyggð eftir þörfum hvers og eins þá bestu í landinu. Með það að leiðarljósi vill byggðasamlagið stuðla að bættri þjónustu við fatlað fólk og auknum lífsgæðum þess. Mikilvægt er að þróa þjónustuna áfram í þeim tilgangi að bæta hana og nýta það fjármagn sem til ráðstöfunar er sem best.


 Menningarráð
 Norðurlands vestra


Inngangur

Þann 15. apríl 2011 var skrifað undir þriggja ára menningarsamning, annars vegar milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins og hins vegar stjórnar SSNV, fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Gildir samningurinn fyrir árin 2011- 2013.

Samkvæmt samningnum er framlagríkisins um 23 milljónir á ári þessi þrjú ár og hefur því lækkað um rúman fjórðung frá árinu 2008 er það var 32 milljónir. Framlag heimamanna 2011-2013 er 40% af framlagi ríkisins eða um 9 milljónir króna á ári. Á árinu 2012 var framlag iðnaðarráðuneytisins, nú atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, óbreytt eða 5,7 milljónir króna. Vegna aðhaldskröfu í mennta- og menningarmálaráðuneytinu var framlag þess 338 þús. kr. minna en samningurinn hljóðaði uppá. Samtals var framlag ríkisins 22.762.000 kr. Í september 2012 var einnig skrifað undir viðauka við samninginn frá 2011 en þar var um að ræða 10,3 millj. kr. framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2012 og 2013 í svokallaða stofn- og rekstrarstyrki sem Alþingi hafði áður úthlutað.

Á árinu 2013 var lækkaði framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til verkefnastyrkja úr 17.062.000 kr. í 16.470.000 kr. eða um tæp 3,5%. Framlag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins breyttist ekki og var áfram 5,7 millj. kr. Samtals var því framlag ríkisins til verkefnastyrkja 22.170.000 kr. Framlag til stofn- og rekstrarstyrkja var óbreytt 10,3 millj. kr. Í þessari ársskýrslu er greint frá starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og menningarfulltrúa árið 2013 og upplýsingar eru um þá aðila sem fengu styrki. Ársreikningar ráðsins fylgja með.

Menningarráð Norðurlands vestra

Skipan menningarráðs

Á ársþingi Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, 13. október 2012, var skipað í Menningarráð Norðurlands vestra til tveggja ára. Eftirtaldir einstaklingar skipa því ráðið 2012-2014:



Björg Baldursdóttir, form. menningarráðs

Björg Baldursdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Guðný H. Kjartansdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd, A-Hún.
Ragnar Smári Helgason, Húnaþingi vestra
Bjarni Jónsson, tilnefndur af stjórn SSNV

Aðsetur

Skrifstofa menningarráðs er staðsett á Skagaströnd og er þar opið virka daga frá kl. 08.00-17.00. Starfsmaður ráðsins er Ingibergur Guðmundsson. Starfshlutfall menningarfulltrúa er þannig háttað að hann er í 60% starfi hjá menningarráði og 40% starfi hjá Atvinnuþróun SSNV.

Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra árið 2013

Fundir menningarráðs

Fundir menningarráðs voru fjórir, auk aðalfundar sem haldinn var 18. október. Allar fundargerðir eru birtar á vef ráðsins, www.ssnv.is undir liðnum Menningarráð.

Verkefnastyrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 18. desember 2012, var ákveðið að ein úthlutun yrði á árinu 2013, með umsóknarfresti til og með 7. febrúar 2013. Þá voru samþykktar úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja ársins. Þar segir m.a.:

Menningarráð hefur ákveðið að þau verkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- Fjölga atvinnutækifærum og efla samstarf á sviði menningar og lista.
- Stuðla að nýsköpun og þróun í menningu og menningartengdri ferðaþjónustu.
- Verkefni sem stuðla að þátttöku allra þjóðfélagshópa í menningu og listum.
- Verkefni sem leiða til samstarfs við önnur lönd á sviði menningar og lista.
- Verkefni sem draga fram staðbundin eða svæðisbundin menningareinkenni eða menningararf.
- Verkefni sem stuðla að listsköpun og menningarstarfi ungra listamanna.

Í byrjun janúar 2013 var auglýst eftir styrkumsóknum með dreifibréfi inn á hvert heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra. Auk þess birtu sveitarfélögin umsóknina á sínum vefmiðlum og svæðisvefmiðlarnir einnig. Þá var dreifibréfið sent rafrænt á tengslanet menningarráðs. Alls bárust 97 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 60 milljónum króna í styrki.

Menningarráðið samþykkti að úthluta verkefnastyrkjum til 59 aðila,



myndatexti?

alls að upphæð 21.450.000 kr. Lægsti styrkurinn nam 100 þús. kr. en sá hæsti var ein og hálf milljón. Úthlutun styrkja fór fram í Kvinnaskólanum á Blönduósi 3. apríl.

Verkefnastykir – Aukaúthlutun

Í ágúst ákvað menningarráð að endurúthluta þeim styrkjum sem fallið höfðu niður og auglýsa aukaúthlutun verkefnastyrkja með umsóknarfresti til og með 16. sept. Áherslur ráðsins voru sem hér segir:

Menningarráð hefur ákveðið að þau menningarverkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:


- Verkefni með börnum og unglingum á öllu Norðurlandi vestra
- Verkefni sem tengja ungt listafólk frá Norðurlandi vestra við heimabyggð
- Verkefni sem leiða til samstarfs við aðra landshluta eða önnur lönd

Alls bárust 20 umsóknir þar sem óskað var eftir 10 milljónum í styrki. Menningarráð samþykkti að styrkja 10 verkefni samtals að upphæð 2,9 millj. króna.




Verkefnastyрkir - Úthlutun 2013

Hægt er að greina styrki ráðsins á ýmsa vegu. Hér eru styrkirnir sundurgreindir eftir sameiginlegri flokkun menningarfulltrúa landshlutanna:



Af þessu súluriti má sjá áherslur þess menningarlífs á Norðurlandi vestra sem menningarráðið veitti fjármagn til á árinu 2012.




Verkefnastyрkir - úthlutun 2007-2013

Ef hins vegar horft er til áranna 2007-2013 í heild lítur dæmið svona út:

Hér skorar tónlistin hæst eða tæp 21% en í næstu tveimur sætum eru menningartengd ferðaþjónusta með rúm 16% og menningararfur/safnamál með rúm 12%.

Tekið skal fram að öll svona flokkun er einstaklingsbundin og ræðst töluvert af mati þess sem flokkar umsóknirnar. Því er t.d. samanburður milli landshluta tæplega raunhæfur. En áherslurnar breytast líka með tímanum og það má greinilega sjá í töflunum hér að ofan.



Heildarkostnaður - Sótt um - Úthlutað

Einnig er forvitnilegt að sjá hlutfallið á milli áætlaðs heildarkostnaðar þeirra verkefna sem sótt er um styrk til, hversu mikið fjármagn er sótt um og hve miklu er úthlutað.

Samkvæmt umsóknum er áætlaður heildarkostnaður um 1.780 milljónir og heildarupphæð þess sem sótt er um 566 milljónir eða tæplega þriðjungur af áætluðum kostnaði. Alls hefur verið úthlutað 622 styrkjum og til þess veitt 196 milljónum króna.

Stofn- og rekstrarstyrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 18. desember 2012, var ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki með umsóknarfresti til og með 7. febrúar 2013. Þar segir m.a.: Menningarráð hefur ákveðið að þeir umsækjendur hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða við úthlutun ársins 2013:

- *Stuðla að því að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna- og menningararfs.*
- *Stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi.*
- *Styðja við menningarstarfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á svæðinu.*

Auglýst var í flestum vefmiðlum á svæðinu, í sjónvarpsvísunum og víðar. Þá var auglýsingin send rafrænt á tengslanet menningarráðs.

Alls bárust 11 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 25 milljónum króna. Á fundi sínum, 11. mars, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 9 aðila, alls að upphæð 10.300.000 kr. Lægsti styrkurinn var 200 þúsund kr. en sá hæsti 2 milljónir kr.





Samstarf

Menningarfulltrúar landshlutanna

Mikið og gott samstarf er milli menningarfulltrúa landshlutanna, bæði hittast þeir reglulega og hafa mikil síma- og tölvupóstsamskipti sín á milli. Á árinu 2013 hittust menningarfulltrúarnir í Reykjavík dagana 30.-31. janúar og svo á haustfundi 10.-11. september á Siglufirði. Sameiginlegir símafundir voru a.m.k. 8 talsins.

Formenn menningarráðanna

Í tengslum við janúarfund menningarfulltrúaanna hittust flestir formenn menningarráða landshlutanna í Reykjavík 30. janúar og ræddu þar sameiginleg málefni. Á þann fund mætti einnig Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ásamt fylgdarliði og voru þar gagnlegar umræður um sameiginleg málefni. Lýsti ráðherra áhuga á því að slíkur fundur yrði árlega og var vel tekið í það.

Styrkhafar

Samstarf við styrkhafa hefur gengið vel, fylgst er með þeim verkefnum sem fengið hafa styrk og styrkhöfum lagt lið hafi þeir óskað þess. Þá hefur menningarfulltrúi kappkostað að sækja þá viðburði sem styrktir eru. Með því finna styrkhafar að áhugi sé fyrir verkefnum þeirra en einnig er þetta ákveðið aðhald og eftirlit með framkvæmd verkefnanna.

Fjármál

Í fylgiriti með þessari ársskýrslu eru endurskoðaðir reikningar menningarráðs fyrir árið 2013. Þar kemur fram að aðhalds er gætt í rekstri, rekstrarkostnaðurinn er aðeins um 8,6 milljónir kr. sem er mun lægri upphæð en undanfarin ár. Þess vegna hefur verið hægt að veita meiri fjármunum í styrki.

Úttekt á framkvæmd menningarsamninga árin 2011-2013

Samkvæmt menningarsamningum landshlutanna 2011-2013 var gert ráð fyrir úttekt á framkvæmd þeirra.

Á árinu 2013 skulu samningsaðilar skoða forsendur fyrir frekara samstarfi og skal þeirri vinnu lokið fyrir 1. september það ár. Í þeirri vinnu verði lagt til grundvallar samræmt árangursmat allra menningarsamninga sem lokið skal við fyrir 1. ágúst 2013.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Capacent þessa úttekt sem fram fór aðallega um vorið og sumarið 2013 og voru niðurstöður hennar kynntar í september.

Samkvæmt mati úttektaraðila hefur framkvæmd menningarsamninganna gengið vel í öllum meginatriðum og að viðtæk sátt sé milli samningsaðila um framkvæmd hans. Árangur er umtalsverður og fyrirkomulag og stjórnun í samræmi við ákvæði samninganna. Samstarf hefur aukist, sem og nýsköpun og fjölbreytni. Einnig hefur menningarstarfsemi stutt við ferðaþjónustu. Þá gáfu úttektaraðilarnir hverjum landshluta einkunn fyrir heildarárangur sem var frá 64% og upp í 93%. Í þessu mati fékk Norðurland vestra 72%. Nokkrar athugasemdir voru gerðar af hálfu heimamanna við niðurstöður einkunnarinnar en öllum breytingum á einkunn var hafnað.



Undirbúningur nýs menningarsamnings

Í 8. grein menningarsamnings 2011-2013 segir m.a. svo:

Samningsaðilar eru sammála um að þegar á árinu 2011 verði hafin vinna við að þróa mælikvarða vegna þeirra markmiða sem sett eru fram í 1. gr. með tilliti til þess að leggja þá ásamt öðru til grundvallar við skiptingu framlaga þegar til endurskoðunar samninga við landshluta kemur á ný.

Þetta ákvæði í samningnum kom aldrei til framkvæmda. Í upphafi ársins 2013 leit út fyrir að fjármagn til menningarsamninga, vaxtarsamninga og fleiri verkefna rynnu öll í gegnum einn farveg sem bar heitið Sóknaráætlun 20/20. Með nýrri ríkisstjórn á vormánuðum var þessum áætlunum slegið á frest.

Undirbúningur fyrir nýjan samning hófst þó í raun með úttekt Capacents og niðurstöðum hennar sem greint var frá hér að ofan. Síðan var nokkurt hlé en síðari hluta nóvember var landshlutasamtökunum sendur tölvupóstur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem þau voru beðin um að taka afstöðu til nokkurra þátta sem gætu orðið að nýjum mælikvarða um skiptingu framlags ráðuneytisins milli landshlutanna. Þann 13. desember voru svo drög að nýjum mælikvarða kynnt í ráðuneytinu og gafst landshlutasamtökunum frestur til 16. janúar 2014 að gera athugasemdir við þessi drög.

Þannig var staðan um áramót 2013-2014. Sá umsnúningur sem varð allt í einu þessu máli í ráðuneytinu í janúar 2014 verður hins vegar ekki rakinn hér.

Mat á árangri

Í ársskýrslu Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2012 var lagt ítarlegt mat á árangur þessara menningarstyrkja sem hófust árið 2007. Því verður að þessu sinni aðeins stiklað á stóru í því efni. Menningarstarf á Norðurlandi vestra er í heild líflegt og fjölbreytt. Í þessu 7.100 manna samfélagi er alltaf eitthvað að gerast flesta daga ársins; tónleikar, leiksýningar, árshátíðir, þorablót, málþing, ráðstefnur, bæjarhátíðir, listsýningar, varðveisla menningararfsins, bókaútgáfa, útgáfa á tónlist og þannig mætti lengi telja áfram. Framlag heimamanna, oftar en ekki í sjálfböðavinnu, er ómetanlegt og sannast þar rækilega málshátturinn. „Maður er manns gaman.“ Í þessu menningarstarfi felst mikil lífsfylling og gleði, auðgun mannsandans.

Framlag ríkis og sveitarfélaga til menningarsamninganna er einnig mikils virði. Með því framlagi hafa fjölmargir menningarviðburðir komist á koppinn sem annars hefði ekki orðið af. Styrkir menningarráðs hafa oft ráðið úrslitum um tilurð verkefna.



Lokaorð

Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra hefur að mörgu leyti gengið vel. Styrkveitingar hafa leitt til enn blómlegrar menningarstarfsemi á mörgum sviðum en áður var og stutt við framtak heimamanna. Að sjálfsögðu má þó alltaf gera betur enda alltaf hægt að bæta sig á þessu sviði sem og öðrum. Menningarráð Norðurlands vestra þakkar ríki og sveitarfélögum fyrir stuðninginn við menningarlífið á Norðurlandi vestra. Einnig fá styrkhafar þakklaeti fyrir sitt framtak því án þeirra yrði menningarlífið mun fábrotnara. Samfélagslegt virði menningarstarfs er ómetanlegt, hvort sem er í stærri bæjum eða út við ysta haf, blómlegt menningarlíf er ómissandi þáttur mannlífsins hvar sem er og menningar- og listalíf er mikil virðisaukning í hvaða sveitarfélagin sem er.

Að lokum er hér vitnað til ávarps formanns menningarráðs við úthlutun menningarstyrkja fyrir árið 2013:

Samfélagslegt virði menningarstarfs verður seint fullmetið. Halldór Kiljan Laxness segir svo í Aldarspegli 1944. „Menning þjóðar er ekki hvað síst undir því komin að sem víðast hittist einstaklingar sem sinna andlegum verðmætum af ýmsu tagi í tómstundum frá dauflægum skyldustörfum, geri sér einhverja menningargrein kæra, ótrauðir að leggja fram erfiði og fjármuni þeim til eflingar.“ Þarna hittir skáldið naglann á höfuðið eins og oft áður. Þetta er einmitt það sem þið eruð að gera, kæru styrkhafar. Þið leggið fram erfiði og fjármuni til eflingar menningarstarfi í ykkar samfélagi til ánægju og upplyftingar samborgara ykkar. Það er mikilvægt að við stöndum saman um að njóta þessarar menningar og styðja við bakið á

þeim sem leggja oft á sig mikla vinnu til að hún sé okkur aðgengileg. Ég velti því stundum fyrir mér hvernig samfélagið liti út ef enginn hefði döggun í sér að gera það sem þið eruð að gera styrkhafar góðir. Ég held að ekkert okkar vilji hugsa þá hugsun til enda.

En menning er ekki bara málverkasýningar, leikhús og tónleikar. Grundvöllur allrar menningar er samfélagið sjálft, fólkið sem myndar samfélagið. Samhugur, náungakærleikur og staðarstolt er sá jarðvegur sem hin sanna menning sprettur úr og gerir kleift að halda uppi öflugu menningarstarfi.



Úthlutun verkefnastyrkja 3. apríl 2013

Umsóknarfrestur fyrir árið 2013 rann út 7. febrúar. Alls bárust 97 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 60 milljónum króna. Á fundi sínum, 11. mars, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 59 aðila, alls að upphæð 21.450.000 kr. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

- 1.500.000 kr. **Byggðasaga Skagafjarðar**
Byggðasaga Skagafjarðar 7. bindi - ritun
- 1.000.000 kr. **sms film/Plús film ehf** - Náttúruperlur við Húnaflóa - heimildarmynd
- 1.000.000 kr. **Skotta kvikmyndafjélag** - Andlit í norðri – The North Face - heimildarmynd
- 1.000.000 kr. **Nes listamiðstöð** - Community Engagement and Arts Outreach Programme
- 750.000 kr. **Byggðasafn Skagfirðinga** - Þrjú verkefni: Lesið í landið-fræðslurit, Upplýsingaskilti á safnsvæðinu í Glaumbæ og Unadalur/Deildardalur-byggðasögurannsókn
- 750.000 kr. **Barokksmiðja Hólastiftis**
Tvö verkefni: Barokkhátíð á Hólum og Smíði á sembal
- 600.000 kr. **Leikfélag Sauðárkróks** - Tvö verkefni: Lífsdansinn og Haustsýning
- 600.000 kr. **Eldur í Húnaþingi** - Eldur í Húnaþingi 2013
- 600.000 kr. **Raggmann ehf.** - Tónlistarhátíðin Gæran 2013
- 500.000 kr. **Skagfirska kvikmyndaakademían og Hátæknisetur Íslands**
Sumarbúðir RIFF 2013
- 500.000 kr. **Selasetur Íslands** - Fræðslumiðstöð Húnaþings vestra
- 500.000 kr. **Erlendur F. Magnússon** - Gróður og goð. Útihöggmyndasýning

- 500.000 kr. **Pingeyraklausturskirkja,**
Ingimundur Sigfússon, Stofnun Árna Magnússonar
Handritin alla leið heim – sýning Flateyjarbókar
- 500.000 kr. **Bændasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps**
Ábúendatal – fimm hreppar í A-Hún.
- 500.000 kr. **Ungmennasamband Austur-Húnavetninga** - Húnavökurit 2013
- 450.000 kr. **Karлакórin Lóuþrælar** - Tvö verkefni: Tónleikahald og Útgáfa geisladisks
- 450.000 kr. **Lafleur web slf** - Tvö verkefni: Fantásíu- og ljóðmyndir og Í anda Geirlaugs
- 450.000 kr. **Fornverkaskólinn** - Tvö verkefni: Vefnaður í kljásteynastað og
Alþjóðlegt námskeið í torfhleðslu
- 400.000 kr. **Sögufélag Skagfirðinga**
Skagfirskar æviskrár 1910-1950 VIII bindi – útgáfa
- 400.000 kr. **Laxasetur Íslands** - Viðbót við sýningar og undirbúningur skólaheimsóknna
- 400.000 kr. **Tómas H. Árdal** - Skreiðarsetur á Sauðárkróki
- 400.000 kr. **Héraðsskjalasafn Skagfirðinga**
Upplýsingabrunnur um gömul hús í Skagafirði
- 400.000 kr. **Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi**
Tvö verkefni: Sumarsýning 2013 og Stofutónleikar
- 400.000 kr. **Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps**
Lífsdans Geirmundar Vilhjálmssonar
- 400.000 kr. **Stefán R. Gíslason og Einar Porvaldsson**
Sönglög á Sæluvíku 2013
- 350.000 kr. **Drangeyjarferðir** - „Baulaðu nú Búkolla mín.“
- 300.000 kr. **Gunnlaugur Sigmarsson** - Delerium Poeticum
- 250.000 kr. **Ferðamálafélag V-Hún.** - Merkt gönguleið og áningarstaðir á Hvst.
- 250.000 kr. **Sögusetur íslenska hestsins** - Ljósmyndaskráning og skönnun
- 250.000 kr. **Kirkjukór Glaumbæjarprestakalls** - Útgáfa geisladisks
- 250.000 kr. **Contalgen Funeral** - Útgáfa geisladisks
- 250.000 kr. **Sigfús Arnar Benediktsson** - Útgáfa geisladisks
- 250.000 kr. **Á Sturlungaslóð** - Sumarviðburðir Á Sturlungaslóð
- 250.000 kr. **Jónsmessunefnd Hofsósi** - Jónsmessuhátíð 2013
- 250.000 kr. **Héraðsbókasafn Skagfirðinga** - Málþing um Sturlungu í Kakalaskála
- 250.000 kr. **Blönduósbær** - Tvö verkefni: Húnavaka 2013 og Saga byggðarinnar fyrir 100 árum
- 200.000 kr. **Háskólinn á Hólum** - ferðamálaeild
Menningardagskrá á North Atlantic Forum 2013
- 200.000 kr. **Guðbrandsstofnun** - Fræðafundir
- 200.000 kr. **Textilsetur Íslands**
Listamiðstöð Textilseturs Íslands – dvalar- og verkefnastykir
- 200.000 kr. **Grettistak ses** - Grettishátíð 2013
- 200.000 kr. **Kvenfélag Svínavatnshrepps** - Kvenfélag Svínavatnshrepps 140 ára
- 200.000 kr. **Grundarhópurinn** - Listafloð á Vígaslóð 2013
- 200.000 kr. **Hulda S. Jóhannesdóttir og Gunnar Æ. Björnsson**

- Söngvarakeppni Húnaþings vestra
- 200.000 kr. **Meningarhúsið Miðgarður** - Tónleikaröð sumarið 2013
 - 200.000 kr. **Karlakórinn Heimir** - Sæluvikutónleikar 2013
 - 200.000 kr. **Skagfirski kammerkórinn** - „Sólskin um mýrar og móa“
 - 200.000 kr. **Ferðapjónustan Dæli** - Efling menningartengdrar ferðapjónustu í Víðidal
 - 150.000 kr. **Jóna Halldóra Tryggvadóttir o.fl.** - Maríudagar 2013
 - 150.000 kr. **Kirkjukór og sóknarnefnd Blönduósskirkju**
„Sól og vor ég syng um“ - afmælistónleikar
 - 150.000 kr. **Ólafur P. Hallgrímsson** - „Pú vogyðja ljúf“
 - 150.000 kr. **Skagafjarðarhraðlestin** - Lumudagar 2013
 - 100.000 kr. **Guðbrandur Æ. Ásbjörnsson og Árni Gunnarsson**
Lífsdansinn - handritsgerð
 - 100.000 kr. **Tónadans** - Tónadans
 - 100.000 kr. **Alþýðuóperan** - Gamanóperan Ráðskonuríki
 - 100.000 kr. **Kvennakórinn Sóldís** - Tónleikar á Konudaginn í feb. 2014
 - 100.000 kr. **Sönghópur FEB Skagafirði** - Söngskemmtun á Degi aldraðra 2013
 - 100.000 kr. **Margrét Arna Vilhjálmsdóttir** - Textílsýning o.fl.
 - 100.000 kr. **Skagfirskir strengir** - Tónleikar
 - 100.000 kr. **Lionsklúbburinn Bjarmi** - 40 ára afmælisrit og sýning



Úthlutun stofn- og rekstrarstyrkja 3. apríl 2013

Umsóknarfrestur fyrir árið 2013 rann út 7. febrúar. Alls bárust 11 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 25 milljónum króna. Á fundi sínum, 11. mars, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 9 aðila, alls að upphæð 10.300.000 kr. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

- 2.000.000 kr. **Samgönguminjasafn Skagafjarðar** - Stofn- og rekstrarstyrkur
- 2.000.000 kr. **Meningarfélagið Spákonuarfur** - Stofn- og rekstrarstyrkur
- 1.600.000 kr. **Laxasetur Íslands** - Stofn- og rekstrarstyrkur
- 1.500.000 kr. **Selasetur Íslands** - Rekstrarstyrkur

- 1.000.000 kr. **Textilsetur Íslands** - Rekstrarstyrkur
- 750.000 kr. **Grettistak** - Stofn - og rekstrarstyrkur
- 750.000 kr. **Nes listamiðstöð** - Stofn- og rekstrarstyrkur
- 500.000 kr. **Kakalaskáli ehf.** - Stofnstyrkur
- 200.000 kr. **Félag áhugamanna um endurbætur Riishúss** - Stofnstyrkur

Menningarstyrkir – aukaúthlutun 2013

Í lok ágúst auglýsti Menningarráð Norðurlands vestra eftir umsóknum um verkefnastyrki með umsóknarfresti til og með 16. sept. Í auglýsingu var lögð áhersla á verkefni með börnum og unglingum á öllu svæðinu, samstarf innanlands og utan og verkefni sem tengja ungt listafólk frá svæðinu við heimabyggð. Alls bárust 20 umsóknir þar sem óskað var eftir tæpum 10 milljónum í styrki. Menningarráð hefur nú úthlutað styrkjum til 10 aðila, samtals að upphæð 2,9 millj. kr. Styrkhafar eru:

- 800.000 kr. **Grettistak ses** - Miðlun sagnaarfsins til komandi kynslóða
- 400.000 kr. **Selasetur Íslands** - Engaging children with the cultural value of seals
- 400.000 kr. **Leikfélag Blönduóss og Dreifnám A-Hún.** - Unga fólkið og leikhúsin
- 300.000 kr. **Nemendafélag FNV** - Leiksýning haustið 2013
- 200.000 kr. **Skagfirskir strengir** - Jólabjöllur
- 200.000 kr. **Hljómsveitin Úlfur Úlfur** - Útgáfa geisladisks
- 200.000 kr. **Ísak Þórir Ísólfsson Líndal** - Ungt fólk á uppleið
- 200.000 kr. **Fornverkaskólinn** - Alþjóðlegt námskeið í torfhleðslu
- 100.000 kr. **Anna Dóra Antonsdóttir** - Bardaginn á Örylgsstöðum
- 100.000 kr. **Sæþór Már Hinriksson** - Útgáfa geisladisks

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra Ársreikningur 2013

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 4.464 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 58.053 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Hvammstanga, ²³ / ⁶ 2014

Stjórn:

Bjarni Gunnarsson
Lárus Þorleiksson
Dóra Ólafsdóttir
Lárus Þorleiksson
Eiríkur Þorleiksson

Framkvæmdastjóri:

Yrka Þorleiksdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 15/7 2014

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2013 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 15/7 2014



Rekstrarreikningur árið 2013

	Skýr.	2013	Áætlun	2012
Rekstrartekjur:				
Jöfnunarsjóður		24.979.908	20.000.000	24.210.696
Framlag vegna almenningssamgangna		22.764.047	24.695.000	20.450.256
Framlag vegna sóknaráætlun landshlutasamtaka		34.682.400		0
Aðrar tekjur		13.889.273	12.045.480	14.157.311
		96.315.628	56.740.480	58.818.263
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	17.756.988	15.164.604	14.287.523
Kostnaður vegna almenningssamgangna		20.130.779	24.695.000	19.430.893
Kostnaður vegna sóknaráætlunar landshlutasamtaka		32.223.720	0	12.000
Stjórnunarkostnaður		23.589.399	17.755.000	19.168.381
		93.700.886	57.614.604	52.898.797
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		2.614.742	(874.124)	5.919.466
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		2.401.106	0	1.896.568
Fjármagnstekjuskattur	(479.963)	0	(379.301)
Vaxtagjöld	(72.027)	0	(57.606)
		1.849.117	1.000.000	1.459.661
Hagnaður ársins	3	4.463.859	125.876	7.379.127

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Eignarhlutir í félögum		46.500	46.500
Fastafjármunir samtals		46.500	46.500
Krafa á tengda aðila		917.416	6.720.678
Viðskiptakröfur		11.041.955	8.908.767
Aðrar kröfur		2.454.519	32.808
Handbært fé		56.010.387	40.284.466
Veltufjármunir samtals		70.424.277	55.946.719
Eignir samtals		70.470.777	55.993.219
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		58.053.064	53.589.205
Eigið fé samtals	3	58.053.064	53.589.205
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		69.758	64.643
Skuld við tengda aðila		5.862.123	0
Aðrar skammtímaskuldir		6.485.833	2.339.371
Skammtímaskuldir samtals		12.417.714	2.404.014
Eigið fé og skuldir samtals		70.470.777	55.993.219

Sjóðstreymisýfirlit árið 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	3	4.463.859	7.379.127
Veltufé frá rekstri		4.463.859	7.379.127
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		1.248.363	(8.849.976)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		10.013.700	1.032.395
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		11.262.063	(7.817.581)
Handbært fé frá (til) rekstrar		15.725.921	(438.454)
Breyting á handbæru fé		15.725.921	(438.454)
Handbært fé í ársbyrjun		40.284.466	40.722.920
Handbært fé í lok ársins		56.010.387	40.284.466

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2013 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

d. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. SSNV á eignarhlut í Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra að fjárhæð 46.500 kr.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2013	2012
Laun	11.357.146	8.777.561
Stjórnarlausn	3.413.547	3.135.862
Launatengd gjöld	2.878.842	2.370.795
Annar starfsmannakostnaður	107.453	3.305
	17.756.988	14.287.523

3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2013	53.589.205
Hagnaður ársins	4.463.859
Staða 31.12.2013	58.053.064

Skýringar, frh.:

5. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2013	2012	2011	2010	2009
Rekstrartekjur	96.316	58.818	32.035	28.175	26.528
Rekstrargjöld án afskrifta	(93.701)	(52.899)	(26.121)	(22.592)	(21.990)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	2.615	5.919	5.915	5.583	4.537
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.849	1.460	1.181	1.505	2.707
Hagnaður ársins	4.464	7.379	7.095	7.088	7.245
Efnahagur:					
Eignarhlutur í félagi	47	47	47	47	0
Skammtímafröfur	14.414	15.662	6.812	8.054	8.210
Handbært fé	56.010	40.284	40.723	32.443	25.396
Eignir samtals	70.471	55.993	47.582	40.544	33.606
Eigið fé	58.053	53.589	46.210	39.115	32.026
Skammtímaskuldir	12.418	2.404	1.372	1.429	1.580
Eigið fé og skuldir samtals	70.471	55.993	47.582	40.544	33.606
Kennitölur:					
Handbært fé frá (til) rektrar	15.726 (438)		8.280	7.093 (551)	
Veltufjárhlutfall	5,7	23,3	34,7	28,4	21,3
Eiginfjárhlutfall	0,8	1,0	1,0	1,0	1,0

Sundurliðanir

	2013	Áætlun	2012
Rekstrartekjur:			
Jöfnunarsjóður	24.979.908	20.000.000	24.210.696
Framlag vegna almenningsamgangna	22.764.047	24.695.000	20.450.256
Framlag vegna Sóknaráætlunnar landshlutasamtaka	34.682.400	0	0
Árgjald sveitarfélaga	3.839.088	3.795.480	3.854.338
Þátttaka annarra í rekstri SSNV	6.750.000	6.750.000	10.302.973
Endurgreiddur kostnaður vegna Skotlandsferðar	2.774.775	0	0
Aðrar tekjur	525.410	1.500.000	0
	96.315.628	56.740.480	58.818.263
Laun og annar starfsmannakostnaður:			
Laun	11.357.146	10.194.500	8.777.561
Laun stjórnar	3.413.547	2.300.000	3.135.862
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.284.272	1.249.450	1.052.478
Tryggingagjald	1.395.034	1.070.654	1.161.502
Sjúkra- og orlofssjóður	199.536	150.000	156.815
Annar starfsmannakostnaður	107.453	200.000	3.305
	17.756.988	15.164.604	14.287.523
Annar rekstrarkostnaður:			
Kostnaður v/Markaðsstofu ferðamála NV	3.650.000	3.600.000	3.650.000
IPA verkefni	150.750	2.000.000	1.737.202
Kostnaður v/EFTA verkefnis	0	0	45.000
Dagpeningar	1.338.377	750.000	1.157.117
Endurgreiddur akstur	1.150.434	900.000	1.044.576
Bifreiðakostnaður	2.112.515	2.500.000	2.172.857
Húsaleiga	1.337.112	1.155.000	1.104.153
Höfðabraut 6, sameign, ræsting og viðhald	364.878	380.000	317.004
Bókhaldsaðstoð	0	0	1.209.921
Akeypt endurskoðun	182.520	160.000	196.310
Sérfræðiaðstoð	0	0	580.880
Netþjónusta	1.305.042	1.400.000	1.450.244
Rekstur tölvukerfis	801.049	700.000	396.292
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	1.145.796	200.000	327.096
Sími	828.829	650.000	773.221
Pappír, prentun og bréfabindi	567.864	470.000	219.079
Póstburðargjöld	138.644	140.000	127.376
Auglýsingar	411.946	200.000	390.331
Fundur, námskeið og ferðakostnaður	2.100.731	1.100.000	1.204.645
Kostnaður vegna Skotlandsferðar	4.848.442	0	0
Fargjöld og dvalarkostnaður	675.296	600.000	567.145
Ábyrgðartryggingar	162.695	160.000	163.896
Bækur, tímarit og blöð	64.626	90.000	74.770
Styrkir og framlög	238.952	50.000	247.788
Annar kostnaður	12.901	550.000	11.478
	23.589.399	17.755.000	19.168.381

SSNV atvinnuþróun

Ársreikningur 2013

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið nefnist SSNV atvinnuþróun og er tilgangur þess að stuðla að vexti og framþróun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 10.439 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 39.117 þús. kr.

Stjórn SSNV atvinnuþróunar og framkvæmdarstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Hvammstanga, ²³ / ⁶ 2014

Stjórn:

Björn Þórn
Léa Ólafur
Dóra Skemisdóttir
Hannapóður
Eiríkur Þór Þorgeirsson

Framkvæmdastjóri:

Yrka Þórn
Andriessdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SSNV atvinnuþróunar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV atvinnuþróunar hf. fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2013, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 15/7 2014

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV atvinnuþróunar höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2013 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 15/7 2014



Rekstrarreikningur árið 2013

	Skýr.	2013	2013 Áætlun	2012
Rekstrartekjur:				
Árgjöld sveitarfélaga		20.000.000	20.000.000	16.000.004
Framlag Byggðastofnunar		19.200.000	19.200.000	19.186.299
Uppgjör Norce verkefni		5.089.579	0	0
Aðrar tekjur		4.820.569	500.000	0
		49.110.148	39.700.000	35.186.303
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	28.634.104	29.302.267	21.879.970
Annar rekstrarkostnaður		11.273.519	11.320.000	15.539.319
		39.907.623	40.622.267	37.419.289
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði.....		9.202.525	(922.267)	(2.232.986)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur og gengismunur		1.537.261	0	1.328.499
Fjármagnstekjuskattur		(276.653)	0	(265.696)
Vaxtagjöld		(24.237)	0	(40.438)
		1.236.371	1.000.000	1.022.365
Hagnaður (tap) ársins	4	10.438.896	77.733	(1.210.621)

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Viðskiptakröfur		7.142.423	0
Krafa á tengd félög		6.070.156	24.144
